



Skipholt 15 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Sigurjóns Björnssonar, dags. 29. desember 2023, um breytingu á notkun rýmis merkt 0105 í húsinu á lóð nr. 15 við Skipholt úr verslun í blandaða notkun. Einnig er lögð fram skissa, ódags. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Aðalskipulag Reykjavíkur



Skipholt 15

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur tilheyrir lóðin á Miðsvæði (M2a) einnig er Skipholt skilgreind sem aðalgata.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið.

Umsögn

Um miðsvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur, M2a er svo hljóðandi: *“Fyrst og fremst rýmisfrekar smásöluverslanir, skrifstofur, stofnanir, ýmis ráðgjafar- og þjónustufyrirtæki, hönnunarfyrirtæki og handverk, hótél og veitingastaðir. Þar sem aðstæður leyfa er íbúðarhúsnæði heimilt, einkum á efri hæðum bygginga.”*

Skipholtið er skilgreind sem aðalgata en litið er á slíkar götur sem lykilgötur viðkomandi hverfis, fyrir verslun og þjónustu. Til að þeim markmiðum verði náð er mikilvægt að halda í virkni á jarðhæðum við götuna og auka hana eins og kostur er. Skipholtið er rótgróin verslunar og þjónustugata þar sem virkni á jarðhæðum er einkennandi, einkum norðan götunnar. Fyrirspurnin samræmist því ekki aðalskipulagi Reykjavíkur.

Niðurstaða

Neikvætt samræmist ekki aðalskipulagi Reykjavíkur.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri